

Með játningum ákærðu telst sem fyrr segir sannað, að þeir hafi stolið allt að kr. 300 í peningum frá Allabúð, Stokkseyri, en ekki er sannað, hversu mörgum vindlingapökkum þeir stálu greint sinn, og verður ekki talið sannað, að þeir hafi stolið eins miklu magni og í ákæru greinir. Ákærðu verða allir dæmdir in solidum til að greiða framangreindri verslun kr. 1.000 vegna skemmda, sem þeir ollu á hurð verslunarinnar, enda þykir sú krafa sanngjörn, svo og til greiðslu kr. 300 í peningum, en kröfu verslunarinnar er að öðru leyti vísað frá vegna vanreifunar og sönnunarskorts.

Ákærðu eru allir dæmdir til að greiða sakarkostnað in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærði Hörður Karlsson sæti fangelsi í 2 mánuði.

— — —

Ákærðu Hörður Karlsson og Þ greiði Kaupfélagi Árnesinga Selfossi, kr. 5.409,35 in solidum.

Ákærðu, Hörður, Ó, S og Þ greiði versluninni Allabúð á Stokkseyri, kr. 1.300 in solidum.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

—————

Þriðjudaginn 21. maí 1985.

Nr. 111/1983. **Hagkaup h/f**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

verðlagsráði

(Gísli G. Ísleifsson hrl.)

og Félagi íslenskra bókaútfenda

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Samkeppnishömlur. Andmælaréttur í stjórnsýslu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 1983. Hann krefst þess, að stefndu „verði gert að þola ógildingu á samþykkt samkeppnisnefndar frá 11. nóvember 1981 og greiða áfrýjanda in solidum málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar“.

Báðir hinir stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000,00 krónur til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hagkaup h/f, greiði stefndu, verðlagsráði og Félagi íslenskra bókaútgefenda, málskostnað fyrir Hæstarétti, 25.000,00 krónur hvorum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar
og Þórs Vilhjálmssonar.**

Meðal þess, sem áfrýjandi færir fram til stuðnings dómkröfum sínum, er, að fyrirtækið hafi ekki átt þess kost að láta í ljós álit, áður en stefnda Félagi íslenskra bókaútgefenda var veitt undanþága frá tilteknum ákvæðum laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta verslunarhætti.

Í 47. gr. laga þessara sagði:

„Verðlagsstofnun skal eftir því, sem kostur er, ráðgast við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra, áður en ákvarðanir eru teknar varðandi verð, samkeppnishömlur eða óréttmæta viðskiptahætti.

Nefndir aðiljar og samtök þeirra geta lagt skriflegar greinargerðir

fyrir verðlagsráð og samkeppnisnefnd. Greinargerðum skal skilað til verðlagsstofnunar innan þess frests, sem hún ákveður.

Ákvarðanir skulu tilkynntar hlutaðeigandi aðilum skriflega.

Fundir verðlagsráðs og samkeppnisnefndar skulu haldnir fyrir luktum dyrum.“

Eftir þá atburði, sem mál þetta snýst um, hefur þessari lagagrein verið breytt með 3. gr. B í lögum nr. 52/1982 til samræmis við það, er segir á öðrum stað í lögum þessum, að samkeppnisnefnd skuli lögð niður.

Því er að vísu haldið fram af hálfu verðlagsráðs, að áfrýjandi hafi fylgst með því, er umsókn Félags íslenskra bókaútgefenda um undanþágu var til meðferðar í samkeppnisnefnd, og að áfrýjandi hefði, ef hann hefði óskað þess, getað lagt fyrir nefndina greinargerð um sjónarmið sín. Gegn andmælum áfrýjanda verður eigi á þessu byggt, enda bera fundargerðir samkeppnisnefndar og önnur gögn málsins ekki með sér, að ráðgast hafi verið við áfrýjanda um umsóknina.

Að þessu athuguðu þarf að skera úr því, hvort telja beri áfrýjanda „hlutaðeigandi aðila“ í þessu sambandi.

Hagkaup höfðu sótt þrívægis um bóksöluleyfi, sem svo var nefnt, til Félags íslenskra bókaútgefenda, en leyfi þetta var skilyrði þess, að fyrirtækið gæti fengið til sölu útgáfubækur félagsmanna. Jafnan var synjað um leyfið, síðast 1980. Hófu Hagkaup þá bóksölu án þess að hafa leyfi af þessu tagi, en afgreiðsla til fyrirtækisins á bókum félagsmanna í Félagi íslenskra bókaútgefenda var stöðvuð. Er ljóst, að félagið og áfrýjandi deildu fyrst og fremst um, að Hagkaup veittu afslátt af bókum og seldu þær því á lægra verði en félagar, sem samið höfðu við útgefendur í samræmi við samkomulag Félags íslenskra bókaverslana og Félags íslenskra bókaútgefenda. Eftir þetta kærðu Hagkaup til verðlagsstofnunar brot á ýmsum reglum í lögum nr. 56/1978. Leiddi þetta til afskipta stofnunarinnar og samkeppnisnefndar og bráðabirgðasamkomulags 14. desember 1980 milli áfrýjanda og Félags íslenskra bókaútgefenda. Skyldi það gilda til 31. mars 1981. Sama dag í desember 1980 var gert annað samkomulag til sama tíma milli sama félags og verðlagsstofnunar „um leiðbeinandi skilyrði fyrir bóksöluleyfi“. Ekki hafði verið fundin lausn til frambúðar hinn 31. mars, en viðskipti áfrýj-

anda og útgefenda héldu áfram enn um skeið með óbreyttum hætti. Málið var tekið fyrir í samkeppnisnefnd 25. mars, og 12. júní ritaði Félag íslenskra bókaútgefenda nefndinni svohljóðandi bréf:

„Með vísan til bráðabirgðasamkomulags Félags ísl. bókaútgefenda og samkeppnisnefndar frá 15. des. 1980 sendum við yður tillögur okkar að fyrirkomulagi bóksölu. Okkur er ljóst að þetta fyrirkomulag er að hluta til frávik frá „Lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti“ ... Skv. 24. gr. nefndra laga getur samkeppnisnefnd veitt undanþágu frá ákvæðum þeirra.

Meðfylgjandi tillögur leyfum við okkur að senda samkeppnisnefnd í þeirri von að hún geti fallist á sjónarmið okkar, sem þar eru sett fram, og veiti okkur undanþágu skv. 24. gr. áðurnefndra laga.“

Málið var tekið fyrir á fundum samkeppnisnefndar 17. júlí, 14. september og 11. nóvember 1981, og var málið þá afgreitt sem fyrr segir. Var veitt undanþága frá 21. og 23. gr. laga nr. 56/1978, en í þessum ákvæðum er bannað að sammælast um verð og álagningu, þegar verðlagning er frjáls, og að setja ófrávikjanlegt lágmarksverð við endursölu. Á sama fundi var ákveðið að gera ekki athugasemdir við drög, sem lágu fyrir að reglum Félags íslenskra bókaútgefenda um veitingu bóksöluleyfa og fleira.

Ýmis gögn lágu fyrir samkeppnisnefnd, þegar hún fjallaði um undanþágubeiðnina, og virðast mörg þeirra hafa stafað frá um-sækjandanum.

Ljóst er, að meginástæðan til þess, að samkeppnisnefnd og verðlagsstofnun hófu afskipti af fyrirkomulagi bóksölu var kæra áfrýjanda, sem fram kom vegna deilu hans og Félags íslenskra bókaútgefenda. Sú deila snerist um mikilvæg atriði verslunarháttanna og varðaði verulega almenna hagsmuni og hagsmuni deiluaðilja. Eins og á stóð, teljum við, að áfrýjandi hafi verið „hlutaðeigandi“ aðili allt til þess, að undanþága var veitt. Getur Félag íslenskra bókaútgefenda ekki skákað mótaðilja sínum út úr málinu fyrir samkeppnisnefnd með því að sækja um undanþágu, eins og gert var. Félagið og áfrýjandi deildu um atriði, sem þörf var á að fá upplýst frá báðum hliðum, og leiða bæði almenn andmælaregla stjórnarfarsréttar og hér brýn fyrir mæli 47. gr. laga nr. 56/1978 til þess, að

skylt var að ráðgast við áfrýjanda um undanþágubeiðnina.

Þar sem réttarfarsástæður standa því ekki í vegi, að kröfur áfrýjanda í málinu verði teknar til greina, teljum við, að það beri að gera. Þá teljum við, að dæma ætti stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem við teljum hæfilega ákveðinn samtals 100.000,00 krónur. Við teljum ekki ástæðu til að fjalla um aðrar málsástæður og lagaröksemdir áfrýjanda en gert er hér að framan.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. maí 1983.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Hagkaup h.f., 3525-0883, Skeifunni 15, Reykjavík, höfðað fyrir dómnum 15. júní 1982 á hendur verðlagsráði, 9165-6884, Borgartúni 7, Reykjavík, og Félagi íslenskra bókaútfenda, 2308-2979, Laufásvegi 12, Reykjavík, til ógildingar á samþykkt samkeppnisnefndar frá 11. nóvember 1981 og til greiðslu málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum að mati dómsins.

Þann 12. júní 1981 fór Félagi íslenskra bókaútfenda þess á leit við samkeppnisnefnd að hún veitti félaginu undanþágu skv. 24. gr. laga 56/1978. Á 15. fundi samkeppnisnefndar 11. nóvember 1981 gerði nefndin svofellda ályktun: „Með hliðsjón af byggðastefnu og því menningarhlutverki, sem bókinni er ætlað, veitir samkeppnisnefnd undanþágu frá 21. gr. og 23. gr. laganna um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti frá 16. maí 1978 á grundvelli c. liðar 24. gr. laganna.“ Verðlagsstofnun tilkynnti síðan stefnda Félagi íslenskra bókaútfenda um ályktun þessa með bréfi 18. nóvember 1981, en félagið tilkynnti síðan stefnanda með bréfi 12. desember 1981, að samkeppnisnefnd hefði með bréfi, dags. 18. nóvember 1981, samþykkt reglur Félags íslenskra bókaútfenda um veitingu bóksöluleyfa o.fl., þar sem m.a. væri mælt fyrir um, að útgefandi ákvæði útsöluverð bóka sinna og að þær skyldu seldar á einu og sama útsöluverði um allt land. Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að þola ógildingu á framangreindri samþykkt, en af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 52/1982 heyrir það nú undir verðlagsráð að veita undanþágu skv. 24. gr. laga 56/1978.

Stefnandi byggir málsókn sína á því, að skv. 47. gr. laga 56/1978 og meginreglum laga hafi verðlagsstofnun borið að ráðgast við stefnanda, áður en samþykktin var gerð, og gefa honum kost á að koma að sjónarmiðum sínum. Í þessu sambandi er og bent á, að um helmingur bóksala sé ekki í félagi bóksala og að enginn þeirra hafi, svo vitað sé, fengið tækifæri til

að tjá sig um málið. Í annan stað er því haldið fram, að borið hafi að birta ákvörðun samkeppnisnefndar skv. 51. gr. laga 56/1978, og loks er því haldið fram, að þau skilyrði, sem talin eru í 24. gr. laga 56/1978 til þess að veita undanþágu frá banni 23. gr. sömu laga við því að ákveða ófrávikjanlegt lágmarksverð (brúttóverð) við endursölu á næsta sölustigi, hafi ekki verið fyrir hendi, reglur Félags íslenskra bókaútgefenda feli í sér, að tilteknum verslunum og aðiljum sé veitt einokunaraðstaða til sölu bóka á föstu útsöluverði í andstöðu við megingtilgang laga 56/1978, reglurnar heimili útgefendum sjálfum að selja á lægra verði, en hins vegar banni þær samþykktum útsöluaðiljum að gera slíkt hið sama; reglur þessar skapi því slíkan mismun og skerðingu á frelsi til atvinnurekstrar, að þær verða að teljast ólögmætar. Vegna þessara annmarka er því haldið fram af hálfu stefnanda, að samþykkt samkeppnisnefndar á verðlagsreglum stefnda Félags íslenskra bókaútgefenda geti ekki talist gild.

Af hálfu hinna stefndu er því haldið fram, að umrædd ákvörðun hafi verið samþykkt og gerð á formlegan og efnislega óaðfinnanlegan hátt og með heimild í c lið 24. gr. laga 56/1978. Því er haldið fram, að öll efnisrök liggja til þeirrar niðurstöðu, sem felst í ákvörðun samkeppnisnefndar. Af hálfu Félags íslenskra bókaútgefenda er sérstaklega bent á, að verðlagsreglur félagsins feli það í sér, að bækur séu seldar á sama verði hvar sem er á landinu, en það sé bæði sanngjarnt og réttlátt. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi haft færi á að koma sjónarmiðum sínum að og að engin lög standi til þess, að samkeppnisnefnd hafi átt að birta ákvörðun sína, sem hafi ekki falið í sér frávik frá ríkjandi bóksölufyrirkomulagi.

Af hálfu verðlagsráðs er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið sérstakur eða formlegur aðili máls og því ekki verið ástæða til að hafa sérstakt samráð við hann; hann hafi enga tilraun gert til þess að koma að kröfu eða greinargerð, þótt honum væri ljóst, að málið var í höndum samkeppnisnefndar og að þaðan mætti vænta ákvörðunar.

Í 51. gr. laga 56/1978 segir, að ákvarðanir þriggja manna nefndar, áður samkeppnisnefndar og verðlagsstofnunar, sem almenning varða, skuli birtar á þann hátt sem ákveða skal með reglugerð. Reglugerð þessi hefur ekki verið sett, og telur verðlagsráð því, að ekki geti komið til þess, að samþykkt samkeppnisnefndar verði ógild vegna skorts á birtingu.

Við munnlegan flutning málsins hafa komið fram nánari rök til stuðnings málsástæðum aðilja.

Álit dómsins.

Ekki hefur komið fram af hálfu hinna stefndu, að máli þessu bæri að vísa frá dómi. Stefnandi fór þess á leit við Félag íslenskra bókaútgefenda

með bréfi, dags. 1. febrúar 1978, að honum yrði veitt leyfi til bóksölu, og ítrekaði þá beiðni tvisvar, eftir að félagið hafði synjað beiðni hans á félagsfundi 30. október 1979. Stefnandi kvartaði yfir synjun stefnda við verðlagsstofnun, sem leitaði sátta með aðiljum. Á viðræðufundi starfsmanns verðlagsstofnunar og forsvarsmanna stefnanda 16. október 1980 var því haldið fram af hálfu stefnanda, að reglur Félags íslenskra bókaútgefenda fælu í sér brot á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Var í því sambandi bent á 2. gr., 20. gr., 21. gr., 23. gr., 25. gr. og 26. gr. laganna. Af þessu tilefni var þess krafist í bréfi Félags íslenskra bókaútgefenda til samkeppnisnefndar, dags. 27. október 1980, að nefndin ákvarðaði, að félagið hefði hvorki brotið gegn lögum 56/1978 með höfnun sinni á umsókn stefnanda né með gildandi sölufyrirkomulagi. Þann 12. desember 1980 gerðu stefnandi og stefndi Félag ísl. bókaútgefenda samkomulag um heimild til sölu bóka til stefnanda með staðgreiðslukjörum á tímabilinu 15. desember 1980 til 31. mars 1981, en stefnandi skuldbatt sig til að selja bækur á því verði, sem útgefendur ákvæðu sem útsöluverð, og virða að öðru leyti gildandi samkomulag útgefenda og Félags ísl. bóka-verslana.

Eftir lok samningstímabilsins hélt stefnandi áfram að kaupa bækur af félagsmönnum Félags ísl. bókaútgefenda og selja þær í smásölu í samræmi við samkomulagið, en þann 12. desember 1981 auglýsti stefnandi 10% afslátt á íslenskum bókum. Var þá lokað fyrir sölu til stefnanda á bókum frá félögum í Félagi ísl. bókaútgefenda, og félagið mótmælti afsláttarboði stefnanda sem samningsbroti jafnframt því sem hann (sic) upplýsti stefnanda um ályktun samkeppnisnefndar á þann hátt sem áður greinir.

Með bréfi, dags. 3. febrúar 1982, var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að félagið féllist á að hækka verð á bókum, en mundi beita sér fyrir að fá ákvörðun samkeppnisnefndar breytt, jafnvel með því að leita álits dómstóla.

Samkvæmt þessu þykir verða að telja, að stefnandi hafi þeirra hagsmuna að gæta, að hann eigi rétt á að fá úr því skorið í máli þessu, hvort greind samþykkt skuli hafa gildi gagnvart sér. Nefnd ákvörðun er einstakleg ákvörðun um undanþágu frá almennu lagaákvæði, og þykja ekki efni til að vísa málinu frá dómi ex officio vegna kröfugerðarinnar eða af öðrum ástæðum.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að reglur laga nr. 64/1943 gildi um birtingu ákvörðunar samkeppnisnefndar, þar sem birtingarreglur 51. gr. verðlagslaga hafi ekki verið mótaðar enn. Af hálfu hinna stefndu er því haldið fram, að ákv. 51. gr. verðlagslaga hafi komið í stað ákvæða laga 64/1943 varðandi ákvarðanir verðlagsyfirvalda.

Samkvæmt 7. gr. laga 64/1943 má eigi almennt beita ákvæðum almenns

efnis, sem birta á í Stjórnartíðindum, fyrr en birting hefur farið fram. Þetta lagaákvæði tekur ekki til auglýsinga um opinber verðlagsákvæði, sem birta ber í Lögbirtingablaði skv. 3. gr. laga 64/1943. Slíkar auglýsingar geta bundið mann, sem um þær veit, þótt ekki hafi þær verið birtar í Lögbirtingablaði. Í 51. gr. laga 56/1978 er ekki kveðið nákvæmlega á um, hvernig birta skuli ákvarðanir samkeppnisnefndar, og verður þá ekki talið, að almenn birting sé skilyrði þess, að þær bindi þann, sem um þær er kunnugt.

Telja verður skv. því, sem rakið hefur verið, að ákvörðun samkeppnisnefndar, sem um ræðir í málinu, sé þess háttar, að hvorki beri að ógilda hana vegna ákvæða laga 64/1943 né vegna ákvæða 51. gr. laga 56/1978, enda var hún sérstaklega tilkynnt umsækjanda sjálfum, sem síðan gerði stefnanda kunnugt um aðalefni hennar, og stefnandi hefur eftir það kynnt sér efni ákvörðunarinnar til hlítar.

Af gögnum málsins kemur fram, að hér á landi hefur þróast sérstakt skipulag á bóksölu frá stofnun samtaka íslenskra bókaútfendenda árið 1889, og hafa samtök bókaútfendenda, sem nú nefnast Félag ísl. bókaútfendenda, gegnt lykilhlutverki við mótun þess.

Megineinkenni þessa skipulags er, að bækur eru að mestu leyti seldar í sérverslunum, ýmist í umboðssölu eða með blönduðum skilmálum, staðgreiðslu og umboðssölu. Hver útfendandi ákveður útsöluverð sinna bóka, þannig að sama verð er á öllum útgáfustöðum (sic) á landinu. Útsölumenn geta endursent bókaleifar, og viðskiptavinir geta skipt keyptum bókum í hvaða bókaverslun sem er. Bóksalar gera upp við forlögin einu sinni á ári.

Ekki eru allir bókaútfendur í Félagi ísl. bókaútfendenda, en utanfélagsmenn geta hagnýtt sér bóksölukerfið. Smásalar hafa með sér sérstakt félag, Félag ísl. bókaverslana, sem gerir heildarsamninga við Félag ísl. bókaútfendenda um sölufyrirkomulag. Ekki eru allir smásalar í Félagi ísl. bókaverslana, t.d. ekki kaupfélögin. Útfendur reka sjálfir forlagsverslanir, sem selja útgáfubækur þeirra á niðursettu verði. Venja er, að sá, sem hyggst hefja smásöluverslun með bækur, sækir um bóksöluleyfi til Félags ísl. bókaútfendenda, en bóksöluleyfi þetta er í reynd gagnkvæmur viðskiptasamningur. Til að geta öðlast bóksöluleyfi þurfa umsækjendur að uppfylla tiltekin skilyrði varðandi menntun, starfsreynslu, húsnæði o.fl. Þeir verða að skuldbinda sig til að hafa allar útgáfubækur síðustu þriggja ára á boðstólum og úrval eldri bóka og að hafa opna sölubúð allt árið, þótt aðalsalan fari fram í mánuðunum september og desember. Bóksölukerfi þetta á að tryggja, að sérhæft afgreiðslufólk annist samskiptin við kaupendur í smásölu og að bóksalar, sem hafa opna sérverslun allt árið, sitji að viðskiptunum í þeim mánuðum, sem salan er mest. Þá á kerfi þetta að stuðla að því, að góðar bækur séu sem víðast á boðstólum, þótt þær séu ekki miklar sölubækur.

Reglur Félags ísl. bókaútfenda um lágmarksverð eru þannig hluti af sölukerfi, sem hefur þróast hér á landi um langan tíma, en áþekkt verðlagningarkerfi mun vera við lýði í flestum Evrópulöndum. Eftir að ábending kom frá stefnanda um, að verðlagningarreglur Félags ísl. bókaútfenda mundu ekki samrýmast ákvæðum laga 56/1978, leitaði verðlagsnefnd sátta með aðiljum, sem leiddi til samkomulags þeirra 14. desember 1980, eins og áður greinir. Jafnframt var gert bráðabirgðasamkomulag Félag ísl. bókaútfenda og verðlagsstofnunar um leiðbeinandi skilyrði fyrir bóksöluleyfi, sem felur í sér skyldu til að veita hverjum þeim bóksöluleyfi, sem æskir þess og uppfyllir skilyrði. Þá lagði verðlagsstofnun að kröfu samkeppnisnefndar fyrir Félag ísl. bókaútfenda og Félag ísl. bókaverslana að láta stofnuninni í té samninga sína og samþykktir, og hefur það verið gert. Verðlagsstofnun samdi síðan uppkast að meginreglum um veitingu bóksöluleyfa o.fl., sem Félag ísl. bókaútfenda virðist hafa fallist á. Í framhaldi af því var síðan gerð sú samþykkt, sem í málinu greinir, og loks samskiptareglur Félags ísl. bókaútfenda og Félags ísl. bókaverslana þann 11. maí 1982.

Af beggja aðilja hálfu, stefnanda og Félags ísl. bókaútfenda, hafa komið fram rök með og á móti ákvörðun samkeppnisnefndar auk upplýsinga um bóksölu og verðlagsmál hér á landi og erlendis. Af þessum gögnum og málfutningi virðist ekki vera önnur ályktun dregin en að samkeppnisnefnd hafi gætt lögmætra sjónarmiða við ákvörðun sína um undanþágu frá ákvæðum 21. gr. og 23. gr. laga 56/1978, sbr. c lið 24. gr. sömu laga.

Ljóst er af gögnum málsins, að verðlagsyfirvöld hafa kynnt sér sjónarmið Félags ísl. bókaútfenda og Félags ísl. bóksala, áður en ákvörðun var tekin. Sömuleiðis virðist hafa verið leitað eftir sjónarmiðum Rithöfundasambands Íslands. Ítarlegar greinargerðir komu fram af hálfu Félags ísl. bókaútfenda, en ekki verður séð, að nefndin hafi gefið öðrum aðiljum sérstaklega kost á að skila skriflegum greinargerðum eins og mælt er fyrir um í 47. gr. laga 56/1978.

Sú skoðun stefnanda, að reglur Félags ísl. bókaútfenda færu í bága við ákvæði laga 56/1978, var kynnt á fundum samkeppnisnefndar, en nefndin virðist ekki hafa litið á stefnanda sem aðilja varðandi það álitaefni, hvort veita bæri undanþágu frá banni við lágmarksverði, og hefur bent á, að stefnandi hafi samþykkt að hlíta verðákvörðunum útgefenda með samkomulagi við Félag ísl. bókaútfenda.

Stefnandi hefur komið að sjónarmiðum sínum og upplýsingum í þessu máli, en ekki þykir hann hafa sýnt fram á, að ákvörðun nefndarinnar hafi verið byggð á ófullnægjandi upplýsingum eða ólögum sjónarmiðum.

Ákvörðun nefndarinnar var að formi til undanþága frá lögum til handa stefnda Félagi ísl. bókaútfenda og ívilnandi stjórnvaldsathöfn gagnvart

félaginu. Þótt stefnandi hafi upphaflega vakið athygli verðlagsyfirvalda á því, að reglur félagsins væru ekki í samræmi við ákvæði laga 56/1978, þykir hann ekki með því eða með öðrum hætti hafa orðið beinn málsaðili varðandi nefnt erindi fyrir samkeppnisnefnd. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykja þá ekki efni til að telja ákvörðun samkeppnisnefndar óskuldbindandi gagnvart stefnanda vegna ákvæða 47. gr. laga 56/1978.

Samkvæmt þessum niðurstöðum þykir bera að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda og gera honum að greiða þeim málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00 til stefnda Félags ísl. bókaútgefenda og kr. 25.000,00 til stefnda verðlagsráðs.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, verðlagsráð og Félag ísl. bókaútgefenda, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Hagkaupa h.f.

Hagkaup h.f. greiði stefnda Félagi ísl. bókaútgefenda, kr. 25.000,00 í málskostnað og stefnda verðlagsráði kr. 25.000,00.

Miðvikudaginn 22. maí 1985.

Nr. 27/1983. **Verslunarfélagið Grund h/f**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Árdísi Sveinsdóttur

og gagnsök

(Arnmundur Backman hrl.)

Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorlajörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1983. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst